



GILJASKÓLI

# Starfsþróunaráætlun

---

2020-2021



## Efnisyfirlit

---

|  |   |
|--|---|
| <b>Efnisyfirlit</b>  | 1 |
| <b>Starfsþróun og símenntun kennara</b>                                    | 1 |
| <b>FERLI VIÐ GERÐ STARFSÞRÓUNARÁÆTLUNAR</b>                                | 3 |
| <b>UMBÓTA- OG ÞRÓUNARSTARF Í GILJASKÓLA, ÁHERSLUR OG MARKMIÐ 2020-2021</b> | 3 |
| LÆRDÓMSSAMFÉLAG Í GILJASKÓLA   | 3 |
| <i>Teymiskennsla / teymisvinna:</i>  | 3 |
| NÁMSMAT  | 3 |
| MARKVISS NOTKUN UPPLÝSINGATÆKNI Í NÁMI OG MATI                             | 4 |
| LESTUR OG LÆSI   | 4 |
| <i>LESSKILNINGUR OG ORÐAFORÐI</i>  | 4 |
| Byrjendalæsi   | 4 |
| STÆRÐFRÆÐI Á YNGSTA OG MIÐSTIGI  | 5 |
| SKÓLABRAGUR, LÍÐAN OG SAMSKIPTI  | 5 |
| <i>Uppbyggingarstefnan</i>   | 5 |
| <i>Núvitund</i>  | 5 |
| <i>Heilsueflandi grunnskóli</i>  | 5 |
| Grænfánaskóli  | 5 |
| Réttindaskóli UNICEF   | 6 |
| FRÆÐSLA FYRIR ALMENNT STARFSFÓLK Á VEGUM SÍMEYJAR                          | 6 |
| <b>LEIÐIR VIÐ STARFSÞRÓUN</b>  | 6 |
| <b>YFIRLIT YFIR STARFSÞRÓUN OG ENDURMENNTUN Í GILJASKÓLA 2020-2021</b>     | 6 |

## Starfsþróun og símenntun kennara

---

Hverjum skóla er skylt að gera símenntunar- / starfsþróunaráætlun sem er lögð fram á hverju ári.

Tími til starfsþróunar markast af samningsbundnum 150 / 126 / 102 klukkustundum á ári til símenntunar og undirbúnings kennara og fer fjöldi tíma eftir aldri kennara. Starfsþróun, sem hluti af þessum tíma er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins, en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla, eftir nánara samkomulagi.

### Starfsþróun kennara má skipta í tvo meginþætti:

- þætti sem eru hluti af stefnu skólans og allir þurfa að tileinka sér
- þætti sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu næsta vetur á grundvelli sjálfsmats skóla. Kennurum er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á skv. starfsþróunaráætlun skóla, enda sé hún gerð skv. ákvæðum kjarasamnings og kennurum að kostnaðarlausu.


Starfsþróunaráætlun skal kynnt kennurum. Kennurum ber að gera skólastjóra grein fyrir þeim þáttum í sí- og endurmenntun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Endanleg ákvörðun er í höndum skólastjóra (úr handbók með kjarasamningi bls. 34)

### Leiðir til starfsþróunar:

- Námskeið á vegum skólans eða annarra viðurkenndra aðila
- Skipulagðir leshringir og vettvangsheimsóknir
- Stutt námskeið og kynningar á fundartíma kennara (*telst ekki hluti af 150/126/102 tímum sem skráist sem símenntun*)
- Umbóta- og/eða þróunarverkefni
- Starfendarannsóknir
- Teymisvinna
- Rýnihópar
- Sjálfsnám (lestur, myndbönd, netið o.fl.)

## Ferli við gerð starfsþróunaráætlunar

---



## Umbóta- og þróunarstarf í Giljaskóla, áherslur og markmið 2020-2021

---

### Inngangur

---

Starfsþróunaráætlun þessi er byggð á þörf skólans og starfsfólks til umbóta. Hún tekur mið af innra mati sem felur í sér niðurstöður ýmissa kannana og starfsþróunarsamtala. Hún endurspeglar áherslur Giljaskóla og nýrrar menntastefnu Akureyrar.

### Lærdómssamfélag í Giljaskóla

---

#### Teymiskennsla / teymisvinna:

---

Teymiskennsla er þegar kennarar bera sameiginlega ábyrgð á nemendahópi árgangs og vinna saman að undirbúningi náms, kennslu og námsmats. Litið er á kennara eins árgangs sem kennarateymi.

Á næsta skólaári fara teymi markvisst í það að þróa starfshætti teymiskennslu í sameiginlegu rými, þar sem litið er á árganginn sem eina heild. Kennarar læra saman og bera sameiginlega ábyrgð á að mæta mismunandi þörfum nemenda.

Í fundaskipulagi er gert ráð fyrir að kennarateymi hafi tíma til að þróa sig sem lærdómsteymi. Fyrir utan daglega samvinnu funda teymi 1x - 2x í mánuði þar sem þau vinna ýmist með verkefni í þeim tilgangi að styrkja teymið eða að sameiginlegum viðfangsefnum vegna kennslu og námsmats. Leitast verður við að styðja við teymisstarfið með fræðslu og samræðu.

### Námsmat

---

Síðasta vetur átti sér stað umræða og vinna við endurskoðun námsmats. Í vetur mun starfa við skólann námsmatsnefnd sem tekur þessa vinnu áfram og heldur utan um endurskoðun og þróun námsmats. Markmiðin með vinnunni eru að:

- leggja áherslu á leiðsagnarmat
- leggja áherslu á lykilhæfni
- námsmátið sé hagnýtt og skýrt fyrir kennurum, nemendum og foreldrum
- auka þátttöku nemenda í námsmáti

Til að ná þessum markmiðum verður lögð áhersla á að endurskoða hvaða þætti við metum á hverju stigi í Giljaskóla og hvernig við metum og nýtum matsupplýsingar á árangursríkan hátt. Þá verður lögð áhersla á að nýta forrit til að styðja við námsmatsferlið og miðla upplýsingum.

## Markviss notkun upplýsingatækni í námi og mati

---

Mikil tækifæri liggja í því að nýta tæknina til að efla og auðga nám og kennslu. Í Giljaskóla hefur verið lögð áhersla á að efla tækjakost skólans og telst skólinn nokkuð vel búinn þó alltaf megi gera betur. Við skólann starfar UT teymi sem hefur það hlutverk að styðja við starfsþróun kennara á sviði upplýsingatækni í námi og kennslu. Teymið mun kynna sér nýjungar í upplýsingatækni sem geta nýst í skólastarfi, halda utan um stutta fræðslufundi, aðstoða kennara á vettvangi og meta þörf fyrir utanaðkomandi fræðslu.

## Lestur og læsi

---

### LESSKILNINGUR OG ORÐAFORÐI

---

Lögð verður áhersla á að vinna með lesskilning og orðaforða í 4. - 10. bekk. Leitað verður til MSHA varðandi ráðgjöf, auk þess sem kennarar læra saman, rýna í eigin störf og miðla reynslu og lærdómi sína á milli. Lesskilningsprófið Orðarún verður notuð til að meta stöðu hvers árgangs (í 3. – 8. bekk), áætlanir unnar út frá því og síðan endurmetið. Auk þess verður rýnt í niðurstöður samræmdra prófa.

### BYRJENDALÆSI

---

Byrjendalæsi er sú hugmyndafræði sem lögð hefur verið til grundvallar í lestrarkennslu í Giljaskóla. Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð í læsi sem hefur verið mótuð og þróuð við MSHA í samvinnu við skóla á Norðurlandi undir forystu Rósu Eggertsdóttur. Hugmyndafræðin er í anda hugsmíðahyggju sem gengur út á það að nemendur læri með því að byggja ofan á fyrri reynslu og þekkingu. Áhersla er lögð á fjölbreytni og sveigjanleika í námsaðstæðum barnanna.



Grunnstoðir byrjendalæsis:

- Lestur, ritun, tal og hlustun eru samofnir þættir
- Merkingarbær viðfangsefni
- Samvinna, nám er félagslegt ferli
- Unnið út frá gæðatexta
- Einstaklingsmiðun
- Nám án aðgreiningar

Allir kennarar sem kenna í 1. – 3. bekk í Giljaskóla þurfa að sækja tveggja ára nám í Byrjendalæsi. Námið byggir á grunnnámskeiði og smíðjum þar sem kennarar hittast og ræða ákveðna þætti í Byrjendalæsi, miðla af reynslu sinni og læra af öðrum. Innan skóla eru svo gert ráð fyrir samstarfsfundum þar sem lögð verður áhersla á hvernig nýta má tölvutækni til að útvíkka aðferðir Byrjendalæsis.

## Stærðfræði á yngsta og miðstigi

---

Í Giljaskóla munu nokkrir kennarar sækja leiðtoganám í stærðfræði frá Miðstöð skólaþróunar við HA. Stærðfræðileiðtogginn leiðir hóp kennara í skólanum og leggur grunninn að faglegu námssamfélagi með samræðum um stærðfræðináms og kennslu. Hópurinn kynnr sér afmarkaða þætti stærðfræðinnar og vinnur saman að gerð kennsluáætlna. Að kennslu lokinni eru áætlanir og kennsla tekin til ígrundunar og umræðu.

## Skólabragur, líðan og samskipti

---

### Uppbyggingarstefnan

---

Uppbyggingarstefna (Restitution) í skólastarfi er hugmyndakerfi þar sem lögð er áhersla á sjálfsskoðun, uppbyggileg samskipti, kennslu sjálfsgaga og sjálfstjórn í samskiptum. Grunnþarfirnar fimm eru undirstöðubáttur í uppbyggingu. Það að þekkja þarfir sínar er grundvöllur þess að maður skilji hegðun sína og geti breytt henni til betri vegar. Við skólann starfar nefnd sem hefur umsjón með vinnu við að miðla upplýsingum og aðferðum til nýrra og gamalla starfsmanna og meta þörf á endurmenntun. Gert er ráð fyrir fræðslufundi í upphafi skólaárs og stuttum fræðslufundum á vegum nefndarinnar yfir skólaárið.

### Núvitund

---

Áhugi á að nota núvitund í skólum fer vaxandi. Auk þess hefur rannsóknunum á áhrifum núvitundar hjá börnum og unglíngum fjölgað á síðustu árum. Vitað er að stöðugt áreiti nútímapjódfélags getur dregið úr hæfni barna og unglínga til að stunda nám. Það getur einnig haft hamlandi áhrif á tengsl við annað fólk. Niðurstöður nokkurra rannsókna erlendis sýna að núvitundarþjálfun í skólum getur bætt heilsu nemenda. Á það við um andlega, líkamlega og félagslega heilsu. Sýnt hefur verið fram á að núvitund getur dregið úr kvíða og streitu, eflt skapandi hugsun, sjálfstjórn, einbeitingu, félagshæfni og aukið sjálfálit og sjálföryggi sem og hamingju og bjartsýni. Þetta hefur svo þau áhrif að námsárangur batnar. Vert er að bæta við að Davidson hefur sýnt fram á í rannsóknunum sínum að núvitund getur breytt heilastarfsemi og eflt ónæmiskerfið. Því er ljóst að núvitund getur aukið almenna velferð barna og unglínga á öllum sviðum heilsu.

Í Giljaskóla er núvitund þjálfuð með öllum nemendum. Í 3., 5. og 8. bekk eru námskeið í 8 – 10 vikur, eina kennslustund í viku. Í öllum árgöngum eru skipulögð tímabil þar sem núvitundaræfingar eru gerðar daglega.

Við skólann starfar nefnd sem hefur umsjón með vinnu við að miðla upplýsingum og aðferðum til nýrra og gamalla starfsmanna og meta þörf á endurmenntun.

### Heilsueflandi grunnskóli

---

Heilsueflandi grunnskóla er ætlað að styðja skóla í að vinna markvisst að heilsueflingu í starfi sínu. Í því felst að skapa skólaumhverfi sem stuðlar að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu og vellíðan nemenda og starfsfólks í samvinnu við heimili og nærsamfélag. Í Giljaskóla hefur verið unnið að grunnmælingum á stöðu skólans og nú liggur fyrir að móta heilsustefnu og styðja við fyrstu skref við innleiðingu hugmyndafræði Heilsueflandi grunnskóla.

### Grænfánaskóli

---

Við munum endurvekja vinnu í anda grænfánaskóla. Áherslur verða lagðar á markvissa umhverfisfræðslu í öllum árgöngum og umræðu um umhverfismál verði gert hátt undir höfði. Einnig verður lögð áhersla á að koma flokkunarmálum innan skólans í góðan farveg.

## Réttindaskóli UNICEF

Giljaskóli var einn af tveimur skólum sem valinn var sem Réttindaskóli UNICEF vorið 2019. Með því skuldbinda starfsmenn skólans sig til að leggja áherslu á að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Nú á vordögum hófst undirbúningur vegna innleiðingar Réttindaskóla UNICEF á Akureyri og fyrstu skólarnir sem taka þátt eru Giljaskóli og Naustaskóli. Grunnforsendur Barnasáttmálans verða útgangspunktur í allri ákvarðanatöku í skóla- og frístundastarfi Réttindaskólanna. Réttindaskólar njóta handleiðslu Unicef við innleiðinguna og starfandi verður stýrihópur innan skólans. Framundan er skemmtileg vegferð skólasamfélagsins.

## Fræðsla fyrir almennt starfsfólk á vegum Símeysjar

[Í haust] verður fræðsla fyrir almennt starfsfólk skólans. Markmið fræðslunnar er að auka skilning og þekkingu starfsmanna á geðröskunum, einhverfu og málproskaröskunum hjá börnum. Leiðbeinendur á námskeiðinu eru Gísli Kort Kristófersson, Áslaug Melax og Ingunn Högnadóttir.

## Leiðir við starfsþróun

- Teymi læra saman, þróa starfshætti sína með sameiginlegri vinnu.
- Lærdómshópar myndaðir um ákveðna þætti.
- Fræðsla og faglegar umræður á kennarafundum, skipulagt og undirbúið af stjórnendum eða öðrum sem er fengið það hlutverk.
- Námskeið, ýmist sameiginleg eða námskeið sem kennarar/starfsmenn sækja sjálfir.
- Lestur og kynningar fyrir aðra kennara

## Yfirlit yfir starfsþróun og endurmenntun í Giljaskóla 2020-2021

| Heiti og viðfangsefni                       | Tími           | Þátttakendur | Umsjón  |
|---|----------------|--------------|---|
| Námsmat                                     | Starfsdagur    | Kennarar     | Stjórnendur og kennarar                                       |
| Lesskilningur og orðaforði                  | Allt skólaárið | Kennarar     | Stjórnendur<br>MSHA   |
| Endurmenntunarnámskeið í HA:                | 14. ágúst?     |              | Fræðslusvið og MSHA   |
| Uppbygging - upprifjun                      |                | Allir        | Rut Indriðadóttir   |
| Uppbygging - fræðsla og umræður innan skóla | Allt árið      | Kennarar     | Uppbyggingarstefnu-<br>nefnd                                  |
| Núvitund – fræðsla og umræður innan skóla   | Allt árið      | Kennarar     | Núvitundarnefnd   |
| Réttindaskóli UNICEF                        |                | Allir        | Alfa Dröfn Jóhannsdóttir<br>og Nílsína Larsen<br>Einarsdóttir |

|  |                       |                               |  |
|--|-----------------------|-------------------------------|--|
| <b>Heilsueflandi grunnskóli</b>  | Allt árið             | Allir                         | Stýrihópur um heilsueflandi grunnskóla   |
| <b>SÍMEY</b>   |                       | Almennt starfsfólk            |  |
| <b>Menntabúðir Eymenntar</b>   | 6 skipti á skólaárinu | Allir kennarar og stjórnendur | Stýrihópur   |
| <b>Upplýsingatækni í skólastarfi:</b> Símenntun og þjálfun. Kennarar prófa að nýta upplýsingatækni í skólastarfi og fá stuðning UT teymis. | Allt árið             | Allir kennarar                | UT teymi   |
| <b>Starfsþróun stjórnenda: Námsstefna Skólastjórafélags Íslands</b>  | 12. og 13. október    | Kristín, Vala og Helga Rún    | Stjórnendur  |
| <b>Leiðsögn nýnema og nýliða</b>   | Allur veturinn        | Nýliða                        | Nýliðanefnd  |
| <b>Stærðfræðileiðtogi - námskeið og vinnusmiðjur</b>   | Allt skólaárið        | Yngsta og miðstig             | Gróa Svanbergsdóttir<br>Agla Egilson<br>Heiðar Ríkhartsson<br>Thelma Baldursdóttir |